



## Fundargerð

**10. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026. Fundurinn var haldinn í gegnum fjarfundarbúnað, 14. apríl 2023 og hófst hann kl. 12:10.**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Sandra Sigurðardóttir, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Kristjánsson og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður.

### **1. Fundarsetning**

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir komu fram vegna fundarboðs.

### **2. Ársreikningar stofnana Héraðsnefndar 2023**

Formaður kynnti ársreikninga stofnana Héraðsnefndar fyrir árið 2023. Umræður urðu um ársreikningana sem verða lagðir fyrir vorkund Héraðsnefndar sem haldinn verður 28. apríl nk.

### **3. Vorkundur Héraðsnefndar 2023**

Farið var yfir skipulag og dagskrá vorkundar Héraðsnefndar sem haldinn verður á Hótel Vatnsholti í Flóahreppi 28. apríl nk.

### **4. Málefni Alviðru og Öndverðarnes II**

Lögð voru fram drög að samningi við Landvernd vegna makaskipta á jörðunum Alviðru í Ölfusi og Öndverðarnesi II í Grímsnes- og Grafningshreppi. Öndverðarnes II verður eftir makaskiptin eign Héraðsnefndar og Alviðra verður eign Landverndar.

Framkvæmdastjórn felur formanni og Smára Kolbeinssyni að ganga frá samningi sem stefnt er að undirrita 18. apríl nk.

### **5. Kjör Héraðsnefndar í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, erindi dags. 28. mars 2023.**

Framkvæmdastjórn samþykkir að Helgi Kjartansson verði fulltrúi Héraðsnefndar í fulltrúaráði Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.

### **6. Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árneseinga - staða mál.**

Farið var yfir stöðu húsnæðismála Hérðasskjalasafnsins.

## **7. Tryggingamál stofnana Héraðsnefndar.**

Lagður fram tölvupóstur frá Consello dags. 13. apríl 2023 vegna tryggingamála stofnana Héraðsnefndar.

Framkvæmdastjórn felur formanni að taka tilboði Consello.

## **8. Næsti fundur**

Framkvæmdastjórn samþykkir að fela formanni að boða næsta fund þegar þörf krefur.

Fundi slitið 12:44

Sandra Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson

Kjartan Björnsson

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sandra Sigurðardóttir

Gestur Þór Kristjánsson

Ingibjörg Garðarsdóttir